



SKIPULAGSLÝSING

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI FJALLABYGGÐAR 2008-2028

Athafna- og hafnarsvæði á Þormóðseyri, Siglufirði

janúar 2017

EFNISYFIRLIT

1	YFIRLIT	2
1.1	SKIPULAGSSVÆÐIÐ	2
1.2	VIÐFANGSEFNI OG MARKMIÐ	3
2	FORSENDUR	3
2.1	STAÐHÆTTIR	3
2.2	STEFNA AÐALSKIPULAGS FJALLABYGGÐAR 2008-2028	3
2.3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	4
3	KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI	5
4	UMSAGNARÞILAR	6
5	ÁHRIFAMAT	6
6	ÁBENDINGAR OG ATHUGASEMDIR	6

1 YFIRLIT

Bæjarstjórn Fjallabyggðar áformar breytingu á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 til samræmis við framkvæmdir sem fram hafa farið á hafnarsvæðinu á Siglufirði og fyrirhugaða uppbyggingu við hafnarsvæðið.

Fyrir liggja drög að deiliskipulagi norðan Hafnarbyggju á Þormóðseyri, Siglufirði. Þar er gert ráð fyrir athafnalóðum á landfyllingu sem varð til við dýpkunarframkvæmdir hafnarinnar árið 2016.

1.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Aðalskipulagsbreytingin nær til hafnarsvæðisins á Siglufirði frá smábátahöfninni í vestri, austur yfir svokallaða Hafnarbyggju og norður að núverandi sjóvarnargarði.



1. mynd. Gildandi aðalskipulag.



2. mynd. Drög að breyttu aðalskipulagi



3. mynd. Deiliskipulagssvæðið, yfirlitsmynd.



4. mynd. Fyrirhugað deiliskipulagssvæði á loftmynd sem tekin var árið 2011. Breytingar á höfn og ný landfylling er ekki á myndinni.

Fyrirhugað deiliskipulag nær yfir um 6.000 m² svæði á landfyllingu sem útbúin var árið 2016. Svæðið afmarkast í suðri af norðurenda gömlu Hafnarbyggjunnar og í vestri af lóðamörkum núverandi lóða við Tjarnargötu. Sjóvarnargarður er á jaðri landfyllingarinnar.

1.2 VIÐFANGSEFNI OG MARKMIÐ

Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar er þríþætt:

- að uppfæra skipulagsupprátt til samræmis við áorðnar breytingar á hafnarsvæðinu.
- að stækka landfyllinguna frekar til norðurs og skilgreina nýtt athafnasvæði á núverandi og nýrri landfyllingu.
- að afmarka hafnarsvæðið út í sjó svo svigrúm gefist fyrir minniháttar breytingar innan hafnarinnar án formlegrar breytingar á aðalskipulagi. Slíkar breytingar verða skilgreindar í deiliskipulagi eða með framkvæmdaleyfi.

Í deiliskipulagi verður nánari útfærsla gatna, gangstétta og lóða fyrir athafnastarfsemi á núverandi fyllingu.

2 FORSENDUR

2.1 STAÐHÆTTIR

Siglufjarðarbær stendur á og við Þormóðseyri. Á eyrinni er ýmis starfsemi, bæði tengd höfninni og ótengd henni. Miðbær Siglufjarðar er á vestanverðri eyrinni við smábátahöfnina en athafnastarfsemi er að mestu bundin við norður- og austurhluta eyrarinnar. Landfylling og nýtt athafnasvæði verður yst á eyrinni.

Sjóvarnargarður er eftir strandlínunni að norðan- og austanverðu til að verjast landbroti. Við hönnun mannvirkja á Þormóðseyri skal tekið tillit til þess að sjór getur flætt inná eyrina ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi t.d. ef saman fer stórstreymi og mikill sjógangur.

Ströndin og skipulagssvæðið er raskað land. Engar fornminjar eru á svæðinu þar sem skipulagssvæðið er landfylling sem gerð var 2016.

2.2 STEFNA AÐALSKIPULAGS FJALLABYGGÐAR 2008-2028

Í kafla um *iðnað og athafnastarfsemi* bls. 69 í aðalskipulaginu er meðal stefnumiða:

- *Athafnasvæði Fjallabyggðar séu eftirsóknarverð fyrir atvinnurekendur með góðri tengingu við hafnir og samgönguæðar.*

Leið að því stefnumiði:

- *Fjölbreytt úrval athafnalóða fyrir mismunandi gerðir fyrirtækja verði ávallt til úthlutunar.*

2.3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR 2012-2024

Í gildi er Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024. Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við stefnu þess. Í kafla 3.4.2 **Hafnir** kemur fram: *Stefnt er að því að í Eyjafirði verði áfram öflugar hafnir sem þjóna þörfum svæðisins.*

VEG- OG HAFNAÁÆTLUN 2015-2018

Endurnýjun Hafnarbryggju auk stofndýpkun var á veg- og hafnaáætlun 2015-2018. Fjárveitingar fengust því í framkvæmdir sem fram fóru árið 2016.

3 KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI

Aðalskipulagsbreytingin er unnin fyrir sveitarfélagið Fjallabyggð af Teiknistofu arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. Deiliskipulagið er unnið af tæknideild Fjallabyggðar.

Skv. 1. mgr. 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 verður lýsing skipulagsáætlunar send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum í upphafi verks. Lýsingin verður kynnt almenningi og hagsmunaaðilum innan skipulagssvæðisins, hún verður auglýst og mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins og verða aðgengileg á heimasíðu þess www.fjallabyggd.is. Umsagnaraðilum og almenningi verður þannig gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins.


Í framhaldi verða skipulagstillögur (aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag) kynnt á íbúafundi eða á opnu húsi. Fullunnin tillaga að breyttu aðalskipulagi og og tillaga að deiliskipulagi verða síðan auglýst skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þá verður gefinn kostur á athugasemdum í a.m.k. sex vikur. Stefnt er að auglýsingu skipulagstillagnanna um í mars n.k..

Að athugasemdafresti loknum mun skipulags- og umhverfisnefnd yfirfara athugasemdir sem kunna að berast. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytinga á skipulagstillögunni skal hún auglýst að nýju.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir tillögu til bæjarstjórnar um afgreiðslu skipulagsins. Samþykkt skipulag verður sent Skipulagsstofnun til staðfestingar og verður gildistaka aðalskipulagsbreytingarinnar auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Bæjarstjórn mun auglýsa gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þegar aðalskipulagsbreytingin hefur öðlast gildi. Jafnframt skal afgreiðsla bæjarstjórnar send þeim sem athugasemdir gerðu.

Stefnt er að því að aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag taki gildi í maí n.k..

Auglýsing, samþykkt og afgreiðsla aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags verður í samræmi við 31., 32. og 41., 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



4 UMSAGNARAÐILAR

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Veitustofnanir
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Vegagerðin

5 ÁHRIFAMAT

Ekki eru áformaðar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins sem líklegar eru til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

6 ÁBENDINGAR OG ATHUGASEMDIR

Ábendingum og athugasemdum við lýsingu þess skal skila skriflega á skrifstofu Fjallabyggðar, Gránugötu 21, 580 Siglufirði eða með tölvupósti á netfangið armann@fjallabyggd.is